



Stefnumál Vopnafjarðarhrepps

# Íþróttá-, æskulýðs- og tómstunda- stefna

2020–2026



# Formáli

Við vinnu að stefnunni var tekið mið af „Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum“ sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út árið 2018. Einnig var tekið mið af „Stefnumótun í æskulýðsmálum“ sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út árið 2014 og skýrslunni „Ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga“ frá árinu 2016.

## Hvað er félags- og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni?

Í æskulýðslögum nr. 70/2007 er með æskulýðsstarfsemi átt við „skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum.“ Tekið er fram í 2. gr. að lögin taki bæði til félaga og félagasamtaka sem sinna æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli sem og æskulýðsstarfs á vegum ríkis, sveitarfélaga og í skólum að svo miklu leyti sem við á og aðrar reglur gilda ekki.


## Forvarnir og almenn heilsuefling

Vopnafjarðarhreppur hefur að leiðarljósi öflugar forvarnir í sveitarfélaginu með samvinnu íþrótt- og tómstundafélaga og annarra aðila sem málið snertir. Öflugt forvarnarstarf er mikilvægt til að efla heilbrigði íbúa. Íþrótt- og tómstundastarf er til þess fallið að minnka líkur á félagslegri einangrun og eykur samfélagslega ábyrgð og virkni einstaklinga. Með samstarfi og fræðslu til barna og ungmenna, fjölskyldna og annarra sem starfa með börnum sveitarfélagsins er lagður grundvöllur að heilbrigðum lifnaðarháttum og góðri líðan íbúa.



## Áhersluatriði

- Fjölbreytt tækifæri til heilsueflingar.
- Að höfða til allra aldurshópa.
- Möguleika á útivist og hreyfingu.
- Gott aðgengi að íþróttamannvirkjum.
- Góða þjónustu við notendur íþróttamannvirkja.
- Að auka þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi.
- Reglulega íþrótt- og tómstundadaga.
- Að frístundastyrkur sveitarfélagsins sé vel kynntur og nýttur.
- Fagmennsku hjá þjálfurum og öðrum aðilum sem koma að tómstunda- og æskulýðsmálum á Vopnafirði.



„Íþróttá- og tómstundastarf er til þess fallið að minnka líkur á félagslegri einangrun og eykur samfélagslega ábyrgð og virkni einstaklinga. Með samstarfi og fræðslu til barna og ungmenna, fjölskyldna og annarra sem starfa með börnum sveitarfélagsins er lagður grundvöllur að heilbrigðum lifnaðarháttum og góðri líðan íbúa.“

# Stefna

Hverju sveitarfélagi er mikilvægt að hafa fjölbreytt val í íþróttta-, æskulýðs- og tómstundamálum. Skýr stefna tryggir að allir sem starfa að íþróttta- og tómstundamálum stefni í sömu átt með það að markmiði að efla íþróttta- og tómstundastarf í sveitarfélaginu. Þátttaka barna og ungmenna í slíku starfi hefur óumdeilt forvarnargildi.

Fjölbreytt val í íþróttta- og tómstundastarfi er mikilvægt hverju samfélagi. Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimilis þar sem tekið er mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins, með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Vopnafjarðarhreppur hefur stutt við uppbyggingu og tómstundaaðstöðu í sveitarfélaginu auk aðstöðu til útivistar í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið á og rekur íþróttahús, sundlaug og vallarhús sem er staðsett á íþróttasvæði. Gott samstarf er við Ungmennafélagið Einherja.

Mikilvægt er að íþróttir og tómstundir fléttist inn í hefðbundið skólastarf hjá börnum. Með því er átt við að vinnudagur barnsins sé samfelldur frá morgni og fram á síðdegisdag. Þessi heildstæða nálgun er talin hafa jákvæð áhrif á alhliða þroska barnsins. Í stefnu Vopnafjarðarhrepps í íþróttta-, æskulýðs- og tómstundamálum má finna framtíðarsýn og markmið sveitarfélagsins í málaflokknum frá 2020 – 2026.

Undirbúningur að stefnunni vann Þórhildur Sigurðardóttir, verkefnastjóri frístunda-, æskulýðs- og fjölmenningsmála. Stefnan var lögð fram fyrir ungmennaráð og íþróttta- og æskulýðsnefnd og alla aðila sem koma að íþróttta-, æskulýðs- og tómstundamálum í Vopnafjarðarhreppi.

## Stefnunni er skipt upp í fjóra meginkafla

1. Íþróttastarf barna og unglinga
2. Almenningsíþróttir
3. Keppnis- og afreksíþróttir
4. Æskulýðs- og tómstundastarf.

Sett eru fram markmið í hverjum kafla og leiðir til þess að ná markmiðum.

Starfsmenn sem vinna að íþróttta- og tómstundastarfi í Vopnafjarðarhreppi mega ekki hafa hlotið refsisdóm fyrir kynferðisbrot eða önnur refsibrot sem eru af því tagi að þau þykja skipta máli í þessu sambandi, sbr. 2.mgr. 10. gr. Æskulýðslaga nr 70/2007.

## Íþróttastarf barna og unglunga

Öll börn og ungmenni eiga að fá tækifæri til að stunda reglubundið skipulagt íþróttastarf undir leiðsögn þjálfara/leiðbeinenda. Markmiðið er að börn og unglingar í Vopnafjarðarhreppi geti stundað íþróttir óháð búsetu og fjölskylduaðstæðum og kynnst fjölbreyttum íþróttagreinum.

### Markmið

- Að bjóða upp á fjölbreytta hreyfingu þar sem gleði og ánægja er í fyrirrúmi.
- Að tekið sé tillit til barna og unglunga, á þau sé hlustað og skoðanir þeirra virtar.
- Íþróttaskóli fyrir leikskólabörn verði áfram starfræktur.
- Lögð er áhersla á fjölbreytt framboð íþróttagreina í Vopnafjarðarhreppi, að nýjar íþróttir verði kynntar og hlúð að sjálfboðastarfi foreldra.
- Koma á laggirnar íþróttaskóla fyrir 6–12 ára þar sem boðið er uppá fjölbreyttar íþróttagreinar. Til dæmis einn daginn fimleikar, annan daginn bandý, þann næsta körfubolta og svo framvegis.
- Að keppni taki mið af aldri, getu og þroska barna og að henni sé stillt í hof.
- Stefnt er að góðu samstarfi við foreldra og íþróttafélög.
- Öll íþróttaiðkun skal byggð á mannrækt og heilsuefningu.

### Leiðir

- Sveitarfélagið styrki félagasamtök sem sinna þessu starfi.
- Samræma stundatöflur grunnskóla, tónlistarskóla, íþróttafélaga og annarra tómstunda eins og verið hefur.
- Tryggt verði eins og kostur er að þjálfarar hafi reynslu og menntun til að sinna þjálfun barna og ungmenna. Íþróttafélögin setji sér heilsteypa stefnu um menntun þjálfara.
- Að frístundastyrkur til niðurgreiðslu standi öllum börnum og unglungum 6–18 ára til boða.
- Íþróttaskóli verði efldur með það að markmiði að kynna ungum iðkendum sem flestar íþróttagreinar.
- Að hvetja félög til að vinna eftir viðmiðum fyrirmyndafélaga ísÍ.
- Íþróttafélög nýti sér heimasíðu sveitarfélagsins sem upplýsingamiðil.

## Almenningsíþróttir

Hreyfing er ein mikilvægasta forvörnin til að viðhalda heilsu í nútímasamfélagi.

### Markmið

- Að fólk á öllum aldri hafi góða aðstöðu til útivistar og almennrar heilsuræktar í sveitarfélaginu.
- Að settar séu upp útiþjálfunarstöðvar í sveitarfélaginu.
- Að sem flestir taki þátt í verkefnum ísí og séu hvattir til að taka þátt og nota tækifærið til að rækta líkama og sál með því að hreyfa sig daglega.

### Leiðir

- Bætt verði við göngu- og hjólreiðastíga í sveitarfélaginu og séð um viðhald á þeim stígum sem fyrir eru.
- Ávallt liggi fyrir aðgengilegar upplýsingar um möguleika til hreyfingar og íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu.
- Hvetja starfsmenn fyrirtækja og stofnanna í sveitarfélaginu til almennar heilsuræktar og til að taka þátt í verkefnum ísí.
- Settar verði upp leiðbeiningar við útiþjálfunarstöðvar og þeim fjölgað.
- Stutt verði við þau verkefni sem stuðla að hreyfingu og íþróttaiðkun almennings.
- Stutt verði við samtök og hópa sem beita sér fyrir nýbreytni á sviði almenningsíþróttar.
- Lagt verði mat á nýtingu þess fjármagns sem sveitarfélagið leggur til málaflokksins með greinargerð eða fjárhagsáætlun.

## Keppnis og afreksíþróttir

Afreksstefna ísí verður höfð að leiðarljósi við mat á afreksmanni:

### Markmið:

- Að sem flestir íþróttamenn geti orðið afreksmenn í sinni íþróttagrein og með því orðið mikilvægar fyrirmyndir fyrir yngri iðkendum.
- Að stutt verði við einstaklinga og hópa sem taka þátt í afreksíþróttum.

### Leiðir:

- Íþróttafólki verði boðið upp á eins góða aðstöðu til iðkunar og kostur er.
- Afreksfólk verði ávallt góðar fyrirmyndir innan sem utan keppnisvallar.
- Að standa við bakið á flokkum eða einstaklingum sem standa í fremstu röð í sinni grein með styrkveitingu.
- Íþróttafélög sem njóta styrks frá sveitarfélaginu setji sér siðareglur.
- Menntaðir þjálfarar sinni þjálfun.

## Æskulýðs- og tómstundastarf

Allir íbúar eiga kost á að stunda uppbyggilegt tómstundastarf sem eflir félagslega færni, samskipti og félagsauð. Skipulagt tómstundastarf bætir andlega og líkamlega líðan fólks og dregur úr áhættuhegðun barna og ungmenna. Í félagsmiðstöðvastarfi tilheyra þau hópi sem styrkir sjálfsmynd þeirra. Þau læra samskipti við aðra, að hlusta, tala, bera virðingu fyrir öðrum og vera sjálfstæð. Það er mikilvægt að allir einstaklingar í samfélaginu njóti sömu tækifæra og þeir einstaklingar sem búa í stærri samfélögum. Félagslegur og persónulegur ávinningur af tómstundastarfi er mikill því það mótar einstaklinginn og hann getur átt auðveldara með að taka þátt í samfélaginu.

### Markmið

- Ávallt skal stuðla að velferð barna og unglunga í æskulýðsstarfi og hafa skal siðareglur Æskulýðsvettvangins að leiðarljósi.
- Að í sveitarfélaginu verði fjölbreytt tómstundastarf sem íbúar á öllum aldri geti tekið þátt í.

### Leiðir

- Sveitarfélagið reki félagsmiðstöð fyrir ungmenni. Lögð verði áhersla á fjölbreytt og skapandi starf. Sérstök áhersla verði lögð á að ná til þeirra ungmenna sem ekki sækja í íþróttir eða annað skipulagt tómstundastarf.
- Stutt verði við félagasamtök sem sinna tómstundastarfi með einum eða öðrum hætti, til dæmis með fjárframlögum, ráðgjöf og aðgengi að húsnæði fyrir starfseminna.
- Stutt verði við áhugafólk um skapandi starf og listir í sveitarfélaginu með aðgengi að æfinga- og vinnuáðstöðu.
- Stutt verði við einstaklinga og hópa sem hafa hug á að koma á fót nýjungum í æskulýðs- og tómstundastarfi.
- Hafa það að leiðarljósi að í félagsmiðstöð og í öðru tómstundastarfi starfi bæði karlar og konur.
- Að tryggja að tómstundastarf á vegum sveitarfélagsins höfði jafnt til beggja kynja.
- Að ungmenni á aldrinum 16 – 20 ára hafi aðgengi að félagsmiðstöð.
- Að gefin sé út dagskrá fyrir allt æskulýðs- og tómstundastarf í Vopnafirði.



## Mat og eftirfylgni

Félög og félagasamtök sem styrkt eru af sveitarfélaginu skili árlega inn skýrslu um starfsemi sína þar sem m.a. komi fram upplýsingar um fjölda félagsmanna og virkni þeirra í félagsstarfi. Sama á við um félagsmiðstöð sem rekin er af sveitarfélaginu. Áframhaldandi styrkur er háður því að þau skili inn skýrslum í kjölfar aðalfunda.

Í öllu íþrótta- og tómstundastarfi í sveitarfélaginu verður leitast við að jafna tækifæri íbúanna, bæta upplýsingamiðlun, stuðla að almennri heilsuefningu, efla forvarnir og góð samskipti. Þátttaka íbúa í íþróttum og tómstundum verður mæld reglulega og áætlun gerð í kjölfarið um að mæta óskum þeirra um fjölbreytt starf.


Rýna þarf með skipulögðum hætti í ýmsa þætti sem hægt er að samþætta milli skóla, íþrótta- og tómstundastarfs.

Fyrir hönd hlutaðeigandi aðila.

ÞS

**Þórhildur Sigurðardóttir**

Verkefnisstjóri æskulýðs-, frístunda- og fjölmeningarmála





## Vopnafjarðarhreppur

Hamrahlíð 15  
690 Vopnafjörður

+354 473 1300  
skrifstofa@vfh.is

[www.vfh.is](http://www.vfh.is)